

1163. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 13. september 2017, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Dóra Magnúsdóttir, Elizabeth Ann Courtney, Guðrún Björg Gunnarsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Unnur María Pálmadóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Haraldur Gunnarsson og Halldóra Skúladóttir frá Íslandsbanka og Viðar Ingason hagfræðingur VR.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1162. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1162. stjórnarfundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana. Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Fjárfestingastefna VR

Gestir fundarins, þau Haraldur Gunnarsson og Halldóra Skúladóttir frá Íslandsbanka sögðu í upphafi að ekki stæðu til breytingar á fjárfestingastefnunni sbr. framlagt skjal „*Fjárfestingastefna eignastýringasafna VR*“ heldur vildu þau í dag fara yfir helstu atriði þeirra vinnu og umhverfi.

Fyrst fóru þau yfir helstu hugtök skuldabréfamarkaðar. Þá var næst farið yfir tölur í fjárfestingastefnu VR sbr. ofanefnt skjal – Segja má að stefnan sé klassísk stefna í öruggum bréfum t.d. er 79% í ríkisskuldabréfum og ríkisvixlum.

Svanhildur Ólöf mætti hér til fundar kl. 17:50

Næst var útskýrt hvað helst er að gerast á skuldabréfamarkaði um þessar mundir og kom m.a. fram að ríkissjóður ber ábyrgð á 64% af því sem er á skuldabréfamarkaði. Þá fór Haraldur yfir stærstu áhrifaþætti á skuldabréfaávöxtun s.s. verðbólga, gengi íslensku krónunnar og stýrivexti. Þá fór hann yfir þróun hlutabréfavísitölu og kom fram að hlutabréfamarkaðurinn hefur hækkað um 112,4% frá ársbyrjun 2013.

Næstu fóru þau Haraldur og Halldóra yfir mikilvægi áhættudreifingar eins og t.d. með erlendum fjárfestingum. Fóru þau yfir þróun erlendra hlutabréfa í dollurum og íslenskum krónum.

Að lokum fóru þau yfir horfur á mörkuðum. Verið er að spá aukinni verðbólgu og einnig hefur pólitísk áhætta litað markaðinn og mun gera áfram. Ekki er búist við frekari vaxtalækkunum á árinu. Húsnæðismarkaður virðist vera að ná jafnvægi.

Umræður.

Að loknum umræðum og fyrirspurnum voru þeim Haraldi og Halldóru þakkað fyrir yfirferðina og véku þau þá næst af fundi kl. 18:40.

Ekki var lögð fram nein tillaga að breytingum á nágildandi fjárfestingastefnu VR og mun hún því gilda áfram.

3. Kjaramál

Viðar Ingason, hagfræðingur VR, sem var gestur fundarins tók til máls og lagði fram skjalið „*Persónuafsláttur, skattleysismörk og lágmarkslaun – Þróun frá 1990*“. Fór hann næst yfir efni þess á slæðum.

Í yfirferð um persónuafslátt kom m.a. fram að í dag er hann 52.907 kr. og hefur hann hækkað í takt við vísitölu neysluverðs fram til ársins 2007 en afnuminn að hluta eftir hrun. Hefði persónuafsláttur verið verðtryggður með launavísitölu Hagstofu væri hann í dag 112.321 kr.

Þá fór hann yfir þróun verðbólgu og persónuafsláttar og ræddi einnig skattleysismörk en þau eru í dag 149.192 kr. en árið 1990 voru skattleysismörk nokkuð yfir upphæð lágmarkslauna en svo er ekki í dag því lágmarkslaun í VR eru nú samkvæmt kjarasamningi VR 280.000 kr. Hefði hækkun verið í takti við launavísitölu Hagstofu væru skattleysismörk í dag 316.732 kr.

Þá ræddi Viðar skattleysismörk og lágmarkslaun og því næst breytingu á skattbyrði eftir launatíundum á árunum 1997 – 2015. Hefði persónuafsláttur fylgt launavísitölu Hagstofu hefðu skatttekjur ríkissins verið um 77,7 milljörðum kr. minni en ella árið 2015.

Að lokum fór hann yfir kostnað í samanburði við tekjur ríkissins.

Ólafur Reimar vék hér af fundi kl. 19:20

Umræður.

Viðari var þakkað fyrir áhugaverða umfjöllun og vék hann þar næst af fundi kl. 19:55

Umræður.

Undir þessum dagskrárlið og í framhaldi umræðna bar Helga upp eftirfarandi ályktun sem hún skorar á stjórn félagsins að samþykkja og senda frá sér sem fyrst:

„Fjárhæð persónuafsláttar fylgi launavísitölu og það verði bundið í lög.

Stjórn VR beinir þeim tilmælum til stjórnvalda að endurskoða fjárhæð persónuafsláttar til samræmis við launavísitölu frá árinu 1990 í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2018. Í komandi kjarasamningum er mikilvægt að horft sé til framtíðar og launafólki verði tryggður stöðugleiki og raunveruleg kaupmáttaraukning. Mikilvægur þáttur í því er að festa með lögum að persónuafsláttur fylgi launavísitölu.

Markmið okkar er að lægstu laun verði skattfrjáls með hækkun persónuafsláttar og sem mun auka kaupmátt lægstu launa og millitekjuhópa umtalsvert. Hækkun persónuafsláttar verður ein af aðalkröfum félagsins fyrir komandi kjarasamninga.

*Stjórn VR
13. september 2017“*

Umræður.

Að loknum umræðum um þessa tillögu bar Ragnar Þór tillöguna upp til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.

4. Sex mánaða uppgjör

Stefán lagði fram skjölin „Lykiltölur VR jan – júní 2017“ og „Raun vs áætlun – janúar – júní 2017 – Samstæða VR“ og fór hann yfir helstu tölur á slæðum.

Í máli Stefáns kom m.a. fram að orðið hefur mjög mikil fjölgun félagsmanna eða 7,9% og sé fjölgun vegna sameiningar við Verslunarmannafélag Suðurlands dregin frá er fjölgunin samt sem áður 5,30%. Eins og áður fer fækkandi símtölum og afgreiðslum á móti því að fjölgar heimsóknum á vefsíðu VR um 15,5% og heimsóknum á Mínar síður fjölgar um 27,4%. Varðandi ávöxtun sjóða þá stendur það þannig að nafnávöxtun sjóða er 7,42% en raunávöxtun 5,56% á ársgrundvelli

Tekjur eru á tímabilinu samtals 1.9 milljarðar kr. sem er yfir áætlun um 24,8 milljónir kr. en rekstargjöld eru samtals 1.7 milljarður kr. sem er 118 milljónum kr. undir áætlun.

Rekstratekjur umfram gjöld eru því 170,2 milljónir kr. en hreinar tekjur til ráðstöfunar eru 475,7 milljónir kr. sem er töluvert mikið yfir áætlun sem hljóðaði uppá 162,6 milljónir kr.

Stefán fór svo næst yfir einstaka liði og svaraði fyrirspurnum.

Umræður.

5. Lagabreytingar

Ragnar Þór lagði fram skjalið „*Tillaga að lagabreytingatillögum stjórnar VR varðandi kosningalög VR á aðalfundi 2018*“ en það voru þær tillögur sem stjórn hafði rætt og sammælt um á vinnufundi sínum í ágúst sl. Þær eru eftirfarandi:

Breytingartillaga nr. 1

Núverandi hljóðan (gr. 20.1, Um kosningu formanns og stjórnar):

„Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu annað hvert ár. Árlega skulu 7 stjórnarmenn kosnir til tveggja ára og 3 varamenn til eins árs í einstaklingsbundinni kosningu.

Komi fram fleiri framboð en sæti sem í boði eru skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal stjórn félagsins gera tillögu um stjórnarmenn sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar. Ef fleiri tillögur koma fram á fundi trúnaðarráðs skal kosið á milli þeirra á fundinum. Afl atkvæða ræður úrslitum.“

Verði (breytingar í **rauðu letri**):

Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu **fjórða** hvert ár. **Annað hvert ár** skulu 7 stjórnarmenn kosnir til **fjögurra** ára og **5** varamenn til **tveggja ára** í einstaklingsbundinni kosningu.

Komi fram fleiri framboð en sæti sem í boði eru skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal stjórn félagsins gera tillögu um stjórnarmenn sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar. Ef fleiri tillögur koma fram á fundi trúnaðarráðs skal kosið á milli þeirra á fundinum. Afl atkvæða ræður úrslitum.

Breyting nr. 2

Núverandi hljóðan (10. gr. Stjórn):

„Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og 3 til vara. Formaður skal kosinn til tveggja ára í senn, meðstjórnendur skulu kosnir 7 í einu til tveggja ára og ganga árlega 7 úr stjórninni á víxl. Varamenn skuli kosnir til eins árs í senn“

Verði (breyting í **rauðu letri**):

Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og **5** til vara. Formaður skal kosinn til **fjögurra** ára í senn, meðstjórnendur skulu kosnir 7 í einu til **fjögurra** ára og **annað hvert ár ganga 7** úr stjórninni á víxl. Varamenn skuli kosnir til **tveggja ára** í senn.

Breyting nr. 3

Núverandi hljóðan (20.4. gr. Um kjörseðla og röðun á lista):

„Við kosningu til stjórnar:
Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn eftir stafrófsröð og kjósendur merkja við minnst 1 en mest 7. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. Þeir 7 sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til 2ja ára. Næstu 3 teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til 1 árs.“

Verði (breytingar í **rauðu letri**):

Við kosningu til stjórnar:
Draga skal um röð frambjóðenda á kjörseðli og kjósendur merkja við minnst 1 en mest 7. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. Þeir 7 sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til **4 ára og næstu 5 teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til 2 ára. Ef fjöldi framjóðenda af hvoru kyni er ekki nægjanlegur til að jafna kynjaskiptingu skv. framansögðu skal fjöldi atkvæða ráða um röð þegar því sleppir.**

Breyting nr. 4

Núverandi hljóðan (20.2 gr. Um kosningu í trúnaðarráð)

„Árlega skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til tveggja ára í senn.“

Verði (breytingar í **rauðu letri**):

Annað hvert ár skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til **fjögurra** ára í senn **og 10 til vara til tveggja ára í senn.**

Breyting nr. 5

Núverandi hljóðan (gr. 14 Trúnaðarráð):

„Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar, stjórnir deilda sem verða til við sameiningu annarra verslunarmannafélaga af landsbyggðinni og 82 fulltrúar kosnir í allsherjaratkvæðagreiðslu til tveggja ára í senn. Formaður félagsins er jafnframt formaður trúnaðarráðs og boðar hann til fundar a.m.k 4 sinnum á ári og eftir því sem þurfa þykir. „

Verði (breytingar í **rauðu letri**):

Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar, stjórnir deilda sem verða til við sameiningu annarra verslunarmannafélaga af landsbyggðinni og 82 fulltrúar kosnir í allsherjaratkvæðagreiðslu til **fjögurra** ára í senn **en 10 eru kosnir til vara til tveggja ára í senn.**

Auk þeirra eiga seturétt í ráðinu, án atkvæðisréttar, þeir frambjóðendur í stjórnarkjöri sem ekki ná kjöri og eiga þann rétt til næstu kosningar. Formaður félagsins er jafnframt formaður trúnaðarráðs og boðar hann til fundar a.m.k 4 sinnum á ári og eftir því sem þurfa þykir.

Breyting nr. 6

Núverandi hljóðan (gr. 15 Deildir)

15. gr. Deildir

Stjórn félagsins er heimilt að starfrækja deildir innan félagsins eftir starfsgreinum/atvinnugreinum þess og landssvæðum. Hlutverk deildar er meðal annars að vinna að sameiginlegum hagsmunum starfsmanna í starfsgreinum/atvinnugreinum og landssvæðum, stuðla að fræðslu þeirra og fjalla um kjaramál fyrir starfsgreinarnar/ atvinnugreinarinnar og landssvæðin. Stjórn deildar er kosin á deildarfundum. Stjórn deildar er skipuð að lágmarki 3 mönnum, sem skipta með sér verkum, varamenn skulu vera jafnmargir. Kjörtímabil stjórnar er 2 ár. Stjórn deildarinnar getur fengið fjármuni, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar félagsins, til ráðstöfunar til fræðslu- og menningarmála innan starfsgreinarinnar. Deild skal setja sér starfsreglur sem stjórn félagsins staðfestir.

Verði (breytingar í **rauðu letri**):

Stjórn félagsins er heimilt að starfrækja deildir innan félagsins eftir starfsgreinum/atvinnugreinum þess og landssvæðum. Hlutverk deildar er meðal annars að vinna að sameiginlegum hagsmunum starfsmanna í starfsgreinum/atvinnugreinum og landssvæðum, stuðla að fræðslu þeirra og fjalla um kjaramál fyrir starfsgreinarnar/ atvinnugreinarnar og landssvæðin. Stjórn deildar er kosin á deildarfundum. Stjórn deildar er skipuð að lágmarki 3 mönnum, sem skipta með sér verkum, varamenn skulu vera jafnmargir. Kjörtímabil stjórnar er 4 ár. Stjórn deildarinnar getur fengið fjármuni, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar félagsins, til ráðstöfunar til fræðslu- og menningarmála innan starfsgreinarnar. Deild skal setja sér starfsreglur sem stjórn félagsins staðfestir.

Breyting nr. 7

Bráðabirgðaákvæði í lögum vegna þessara lagabreytinga – Afbrigði kosninga árið 2019 og 2020:

Bráðabirgðaákvæði I

Kosningar árið 2019 skulu vera með hinu nýja sniði í gr. 20.1 og 20.2 en með því afbrigði að varamenn í stjórn skulu vera 3 og með kjörtímabil til eins árs. Kjörtímabil hinna 10 varamanna trúnaðarráðs skal einnig vera eitt ár.

Kosningar árið 2020 skulu vera með því afbrigði að kjörtímabil bæði aðalmanna og varamanna í stjórn skal vera eitt ár. Einnig skal fjöldi varamanna í stjórn vera 3. Þeir 41 og 10 varamenn sem kjörnir eru listakosningu í trúnaðarráð skulu einnig vera með kjörtímabil í eitt ár.

Næsta kosning þar á eftir verður árið 2021 og svo koll af kolli annað hvert ár og þá að fullu samkvæmt nýjum reglum.

Bar Ragnar Þór tillögurnar nú upp til formlegrar samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

Ragnar Þór sagði að nú væri næsta skref að kynna þessar tillögur vel á vef félagsins fyrir félagsmönnum.

6. Stefnumótun VR

Stefán ræddi fyrirhugaða vinnu við stefnumótun sem rædd var á vinnufundi stjórnar í ágúst sl. Sagði hann næsta skref m.a. að velja okkur ráðgjafa til að vinna með okkur. Rætt hafi verið um að þessi stefnumótun ætti að vera á þeim nótum að staðsetja VR félagspólitískt innan verkalýðshreyfingarinnar en einnig hafi Dóra sent inn hugleiðingar um þessa vinnu. Nokkuð mikið hefur verið unnið við stefnumótun síðustu árin og væntanlega hægt að nota mikið af því m.a. gögn er urðu til við stefnumótun 2010 – 2011 sem hann lagði fram og renndi lauslega yfir á slæðum.

Þetta var nokkuð góð vinna þar sem unnið var með meginhlutverk og framtíðarsýn. Niðurstöður voru þó aldrei lagðar fyrir stjórn. Einnig eru til eldri stefnur.

Þá fór Stefán yfir á slæðu hugmyndir að spurningum sem hægt væri að svara í stefnumótunarvinnunni en grunnsurningin væri þessi með hliðsjón af því hvernig tilgangi VR er lýst í 2. gr. laga félagsins:

„Hvernig eflum við hag félagsmanna VR í víðu samhengi félagspólitískrar stöðu VR í verkalýðshreyfingunni?“

Umræður.

Í umræðum var ákveðið að fá ráðgjafa með okkur til verksins og að stjórnarmenn sendi inn sínar hugleiðingar. Stefán finnur ráðgjafa sem vinnur framhaldið.

Fundi var slitið kl. 20:50
Árni Leósson, fundarritari